

Skólaráðsfundur í Glerárskóla 21. september 2016

Mættir: Aðalbjörg María Ólafsdóttir og Margrét Ingimundardóttir fulltrúar kennara, Soffía Guðmundsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Hólmfríður Þorsteinsdóttir fulltrúi foreldra og Eyrún Skúladóttir skólastjóri.

Elín E. Magnúsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins

1. Nýir ráðsmenn boðnir velkomnir
2. Fundartímar skólaráðs
3. Skólanámskrá og starfsáætlun
4. Áherslur Glerárskóla 2016 – 2017
5. Erasmus+
6. Umhverfismál, matarsóun, Grænfáninn, heilsueflandi skóli
7. Fjárhagsáætlun auk ýmissa upplýsinga varðandi fjármagn til skólans
8. Önnur mál

1.

Eyrún bauð fólk velkomið í skólaráð. Því miður vantaði nokkra fulltrúa.

2.

Næsti fundur er fyrirhugaður 17. okt. Síðan eru áætlaðir fundir 21. nóv. Fundir eru alltaf á tímanum 15 – 16.

3.

Stýrihópur um skólanámskrá hefur verið að yfirfara námskrána og m.a. verklagsreglur um skólasókn og viðurlög. Síðan verður lögð áhersla á að vinna kaflann um kennsluhætti og námsmat. Gerð starfsáætlunar er langt komin með sama formi og verið hefur. Hins vegar er verið að skoða það að grunnskólarnir á Akureyri vinni starfsáætlun eftir ákveðnu formi á næstu árum.

4.

Áhersla Glerárskóla þetta skólaárið er að vinna að nýju námsmati ásamt því að vinna áfram að þeim viðfangsefnum sem sýn og stefna skólans segir fyrir um.

5.

Skólinn tekur þátt í Erasmus+ verkefni United we play, united we win. Þetta er áframhaldandi vinna frá fyrra skólaári. Helga deildarstjóri og Guðríður kennari eru nýkomnar frá fundi með kennurum í verkefninu sem haldinn var í Rúmeníu. Í október fara tveir kennarar og tveir nemendur til Búlgaríu.

6.

Glerárskóli fékk afhentan Grænfánann í fimmta sinn í síðustu viku. Við leggjum áherslu á fræðslu um neyslu næstu tvö árin og m.a. eru aðgerðir í mótuneyti þar sem nemendur eru farnir að skammta sér sjálfir á diskana og aukin áhersla lögð á meðvitund um það sem fer til spillis með því að vigta. Akureyrarbær hefur lagt áherslu á að grunnskólarnir verði heilsueflandi skólar og skoða þarf hvort og þá hvenær Glerárskóli fer í það verkefni.

7.

Fjárhagsáætlun er birt í starfsáætlun skólans. Áætlun þessa árs er upp á 431.000.000 og ýmsir liðir eru komnir nálægt núlli. Nokkur niðurskurður átti sér stað í starfseminni í vor til að leitast við að mæta vandanum ásamt því að reynt er að spara í öllum liðum eins og mögulegt er. Samdráttur í

fjárframlögum kemur að hluta til vegna fækkunar nemenda í skólanum en einnig vegna sparnaðar í rekstri hjá Akureyrarbæ.

8.

Önnur mál voru engin.

Fleira ekki fært til bókunar
Elín E. Magnúsdóttir